



September 2020

Komið þið sælir kærur sérkennslustjórar í leikskólum.

Þá er aftur komið að því að lærdómssamfélag sérkennslustjóra hittist og enn eru sérstakir tímar.

Planið er (ennþá) að bjóða upp á einn fund á önn þar sem við hittumst í raunheimum og síðan nokkra fundi á netinu.

Tillaga að fundartímum eru eftirfarandi:

22.9.2020 (þriðjudag) kl. 13 í Vindheimum, Borgartúni 14, 7.hæð. Allir saman.

13.10.2020 (þriðjudag) og 14.10.2020 (miðvikudag). Tveir hópar á þriðjudeginum (13.10.) kl. 13 og kl 14 og einn hópur á miðvikudeginum 14.10.2020 kl 13:00. Fjarveruleikafundir á <https://meet.google.com/lookup/e6ro6jvn3b>

9.11.2020 (mánudag) og 10.11.2020 (þriðjudag). Tveir hópar á mánudeginum (9.11.) kl. 13 og kl 14 og einn hópur á þriðjudeginum 10.11.2020 kl 13:00. Fjarveruleikafundir á <https://meet.google.com/lookup/e6ro6jvn3b>

12.1.2021 (þriðjudag) kl. 13 í Vindheimum, Borgartúni 14, 7.hæð. Allir saman.

Best er að miða við að mæta alltaf í sama hóp, þ.e hóp 1, hóp 2 eða hóp 3. Hér fyrir neðan er „stundataflan“ 😊.

Allir saman.	22.9.2020 (þriðjudag) kl. 13 í Vindheimum, Borgartúni 14, 7.hæð.	
Hópur 1	13.10.2020 (þriðjudag) kl. 13	9.11.2020 (mánudag) kl. 13
Hópur 2	13.10.2020 (þriðjudag) kl. 14	9.11.2020 (mánudag) kl. 14
Hópur 3	14.10.2020 (miðvikudag) kl. 13	10.11.2020 (þriðjudag) kl. 13
Allir saman.	12.1.2021 (þriðjudag) kl. 13 í Vindheimum, Borgartúni 14, 7.hæð.	

Eins og þið sjáið hér að ofan höfum við skráð 4 skipti til að hittast en gerum ráð fyrir að bæta við skiptum á nýju ári ef áhugi er fyrir því.

Markmiðið er að taka fyrir mismunandi efni og munum við nýta okkur Google Classroom til að safna upplýsingum.

Þegar við hittumst á netinu munum við nota Google Meet. Sumir hafa tekið þátt í fræðslu um þann fjarfundabúnað en aðrir ekki. Við munum bjóða upp á fræðslu um búnaðinn ef það þarf.

Efnið sem við munum fjalla um í þessari lotu verður t.d. málörvun tvítyngdra barna, málörvun almennt, skipulagning sérkennslunnar, jafningjafræðsla og jafnvel kvíði barna, en ef ykkur finnst mikilvægt að ræða annað efni þá endilega sendið okkur upplýsingar.

Markmiðið með lærdómssamfélagi sérkennslustjóra er að eiga samtál um starfið ykkar til að þið hafið tækifæri til að efla þekkingu ykkar og færni í starfi til að vinna með málþroska og læsi og ræða möguleika á verkfærum til að nota. Þá gefst tækifæri til að ræða það sem sem þið eruð að gera þessa dagana í bland við fræðilegt efni. Lærdómssamfélagið gefur ykkur tækifæri til að rýna í ykkar störf og þróast.

Vinsamlegast fyllið út skráningablaðið á meðfylgjandi slóð. Athugið að í neðstu spurningunni biðjum við ykkur að skrá ef þið þurfið fræðslu um Google Meet og Google Classroom.

Hér er slóð til að fara inná og skrá sig <https://forms.gle/U2GWGDZmcntDX1ZYA>



Hafið það gott og bestu kveðjur

Þóra Sæunn, Fjóla og Ingibjörg